um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1926.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við landsreikninginn og tillögur endurskoðenda, og er með frv. leitað aukafjárveitingar á öllu, sem endurskoðendur leggja til, að leitað sje aukafjárveitingar á.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gjöldin hafa farið fram úr áætlun um . . . . . . | | kr. | 3379502.94 |
| Þar af er leitað aukafjárveitingar á . . . . | kr. 1462072.94 | | |
| og samkv. sjerstökum lögum og fjáraukalögum fyrir 1925, 1926 og væntanlegum fjáraukal. . | kr. 1288336.92 | kr. | 2750409.86 |
| þá hafa útgjöldin farið fram úr áætlun um . . . . . . . . | | kr. | 629093.08 |

á þeim liðum, sem taldir er lögbundin gjöld.

Til álita gæti komið um ýms fleiri útgjöld — hvort leita bæri aukafjárveitingar á þeim —, enda getur slíkt jafnan verið álitamál. Nefndin gerir þó ekki tillögur um, að leitað sje frekari aukafjárveitinga, en lætur nægja, að bent sje á þær helstu við umræður til athugunar framvegis.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 17. mars 1928.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Hjeðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Ólafur Thors.
Hannes Jónsson. Sig. Eggerz.